

Ed.

333. Nefndarálit

[8. mál]

um frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnes-sýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, svo og tilmæli dóms- og kirkjumálaráðherra, sem óskaði eftir því, að nefndin flytti breytingartillögu við frumvarpið, þannig að bætt yrði við löginn heimild til að selja nokkrar tiltekna eignir. Þá hafði oddviti Svarfaðardalshrepps og ritað nefndinni og óskað þess, að væntanleg söluheimild prestssetursjarðarinnar Valla í Svarfaðardal yrði bundin sölu til Svarfaðardalshrepps.

Ásgeir Bjarnason, Karl Guðjónsson og Jón Árnason áskilja sér rétt til að greiða atkvæði gegn söluheimild einstakra eigna, og munu þeir gera grein fyrir afstöðu sinni. Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. grein bætist:
Prestsseturshúsið á Húsavík.
Húseignina Melgerði 10 í Kópavogi.
Prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni.
2. Fyrirsögn frv. verði:
Frv. til laga um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

Alþingi, 27. febr. 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason. Karl Guðjónsson, með fyrirvara.	Páll Þorsteinsson.